

Föstudaginn 5. desember 1941.

Nr. 33/1941. **Réttvísinn** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn

Alfred Gunnari Sæmundssyni
 (Sveinbjörn Jónsson).

Sýknað af ákæru fyrir brot á 177. og 244. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Jóhann Salberg Guðmundsson, þá settur sýslumaður í Strandasýslu.

Virspotti sá, sem ákærður er sakaður um að hafa tekið ófrjálsri hendi, hafði í maí 1938 verið vegna skemmda af ís tekinn upp af mararbotni og verið kastað á land og legið þar á staðnum í landareign ábýlisjarðar ákærða í algerðu hirðuleysi, enda undirorpinn frekari spjöllum og ónýtingu af völdum lofts og raka. Það verður því að leggja sögn ákærða um það, að hann hafi talið vir þenna landssímanum verðlausan hlut, er fleygt hefði verið, til grundvallar úrslitum sakar þessarar. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Framanefndur virspotti hafði, sem fyrr segir, verið tekinn úr sæsímanum vegna skemmda og hafði síðan legið á landi í hirðuleysi og spillt enn meira. Engin virðing á virspottanum hefur fram farið og engar sönnur eru að því leiddar, að landssíminn hefði getað notað virinn til viðgerðar sæsíma eða annars. Samþykki ákærða á skaðabótakröfu landssímans verður því talið af misskilningi hans veitt og verður eigi talið binda hann, eins og á stóð.

Ber samkvæmt framanskráðu að alsýkna ákærða í máli þessu.

Sakarkostnaður allur bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar á meðal máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 120.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Alfred Gunnar Sæmundsson, á að vera sýkn af ákærum réttvísinnar og skaðabótakröfu í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 120 krónur til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur aukaréttar Strandasýslu 23. nóv. 1940.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Alfreð Gunnari Sæmundssyni, Kambi í Árneshreppi, fyrir brot gegn XIX. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum nr. 25 16. nóv. 1907 um vernd ritsíma og talsíma neðansjárvar.

Ákærður, sem er fæddur 6. sept. 1915, er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann hefur eigi, svo að vitað sé, áður sætt ákæru né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Í maí 1938 var tekinn bútur af sæsímanum yfir Reykjarfjörð vegna bilunar af völdum iss, og var þessi aftekni sæsímabútur látinn á land upp og skilinn eftir hjá sæsímastaur við sunnanverðan Reykjarfjörð í svonefndri Birgisvík í Kambslandi. Samkvæmt skýrslu póst- og símamálastjóra, sem aftur styðst við skýrslu stöðvarstjórans í Djúpavík, var bútur þessi talinn vera um 50 m. langur, en þar af um 10 m. ónýtt vegna mars. Skyldi sæsímabútur þessi hringaður niður við sæsímastaur þann, er fyrr greinir. Nú í haust bilaði sæsíminn yfir Reykjarfjörð, og skyldi þá taka til bráðabirgðaviðgerðar sæsímabút þann, er upp hafði verið tekinn í maí 1938. Kom þá í ljós, að hann var horfinn.

Valdur að hvarfi þessa sæsímastrengs reyndist vera ákærður í máli þessu, Alfreð Sæmundsson. Hann hefur skýrt svo frá, að í maímánuði s. l. hafi hann vanhagað mjög um girðingarvir, sem hann árangurslaust hafi reynt að útvega sér með frjálsum hætti. Hafi honum þá komið í hug sæsímastrengurinn, sem var við staurinn í Birgisvík, og hafi hann ákveðið að taka hann og nota í stað gaddavirs um túnið á Kambi. Hafi ákærður því farið með bróður sínum Guðbrandi, 18 ára að aldri, sem hann hafi fengið með sér, ofan í Birgisvík, til þess að sækja sæsímabútinn. Ákærður hefur sagt, að sæsímastrengur þessi hafi, er að honum kom, að nokkru leyti verið hringaður niður við sæsímastaurinn þar, en nokkuð mikið af strengnum hafi legið óniðurhringað í bugðum eftir malarkambinum og upp með götutroðningi, sem þarna er. Kveðst ákærður hafa sagað í sundur sæsímastrenginn, og hafi þeir bræður borið sinn hvor bútin heim að Kambi. Er heim kom, röktu þeir í sundur búta til þess að ná úr þeim járnvirnum, sem í þeim var. Reyndist járnvirinn í öðrum þeirra með öllu ónothæfur vegna ryðs, hefur

ákærður borið, og var sá bútur látinn ónotaður, en koparþráðinn kveðst hann hafa rakið úr þeim streng. Lengd þessa búts segir ákærður muni hafa verið um 14—15 metra. Hinum bútnum gat ákærður náð járnvirnum úr og notað virinn í girðingu um túnið á Kambi. Úr þeim bút dró hann einnig koparþráðinn, þann bút segir hann hafa verið um 13 m. langan. Koparþráðinn kveðst ákærður að nokkru hafa notað í loftnet við útvarpsviðtæki, eða 3—4 faðma, en afganginn veit hann ekkert um og heldur týndan, nema 1—2 faðma, er muni vera til á Kambi.

Ákærður hefur haldið því fram, að allur þessi sæsímastrengur, er hann tók í mai s. l., hafi verið mjög illa útlitandi, tjöruvaf dottið utan af honum og járnvirinn nokkuð ryðgaður, nema 3—4 faðmar, er hann telur hafa verið alveg óskemmda.

Ákærður hefur viðurkennt, að hann hafi vitað, er hann tók sæsímastrenginn í vor, að landssíminn væri eigandi hans. En hann kveðst hafa haldið, að strengur þessi væri alveg ónýtur og myndi ekki ætlaður til neins gagns framvegis. Kveðst ákærður nánast hafa litið á streng þenna sem hlut, er hefði verið kastað og heimill væri þeim, er hirða vildu.

Hreppstjóri Árneshrepps hefur farið að Kambi að tilhlutun dómars, eftir að mál þetta var kært, og hefur hann mælt strengi þá, sem eru þar enn til. Reyndist það, sem notað var í girðinguna, 13½ m., en ósundurrakti strengurinn 15½ m. að lengd, eða alls 29 metrar. Þetta mál á strengnum bar hreppstjórinn undir stöðvarstjórann í Djúpavík, og hefur hann ekki mótmælt því.

Samkvæmt þessu verður að telja það sannað í málinu, að ákærður hafi í heimildarleysi tekið og kastað eign sinni á a. m. k. 29 metra langan sæsímabút, sem landssíminn átti við sæsímastaur í Birgísvík í Reykjavíri, og ónýtt með öllu.

Það verður að visu eigi talið sannað, að taka og ónýting strengs þessa hafi beinlínis gert ómögulega aðgerð á sæsímanum yfir Reykjarfjörð, þó að svo hefði vel getað orðið.

Með framangreindu athæfi sinu hefur ákærður gerzt sekur við 177. og 244. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin, eftir atvikum, 4 mánaða fangelsi. En fullnustu refsingarinnar þykir rétt að fresta og láta falla niður að 5 árum liðnum, ef ákærður verður eigi sekur um refsivert brot á þeim tíma, sbr. 56. gr. hegnl.

Þá greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar í héraði.

Ákærður hefur fallizt á skaðabótakröfu landssímans, kr. 120.00, samkvæmt kröfu póst- og símamálastjóra.

Óþarfa dráttur hefur enginn orðið á máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Alfreð Gunnar Sæmundsson, sæti 4 mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærður verður eigi sekur um refsivert brot á þeim tíma.

Ákærður greiði 120 kr. skaðabætur til Landssíma Íslands. Svo greiði ákærður og allan kostnað sakarinnar. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1941.

Nr. 34/1940. **Johan Gerhard Ole Ellerup** (Lárus Fjeldsted)
gegn

fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Lárus Jóhannesson)

og

Hjálmar Vilhjálmsyni, bæjarfógeta

(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju.

Dómur hæstaréttar.

Sunnudaginn 6. ágúst 1939, laust fyrir kl. 2 síðd., kom eldur upp í kjallara lyfjabúðarinnar á Seyðisfirði. Brunaliði kaupstaðarins heppnaðist að hefta útbreiðslu eldsins, og tekizt hafði því að slökkva hann að fullu um kl. 4 síðd. Bitar og loft kjallarans höfðu brunnið nokkuð og sviðnað á tveimur stöðum, en önnur spjöll af völdum brunans virðast ekki hafa verið mikil. Kjallari hússins er steinsteyptur, en að öðru leyti er það byggt úr timbri, þar á meðal loft og gólf.

Daginn eftir, þann 7. ágúst, kvaddi bæjarfógetinn á Seyðisfirði, Hjálmar Vilhjálmsson, þrjá menn, slökkviliðsstjórnann, rafveitustjórnann og lögregluþjón, til þess að framkvæma skoðunargerð á brunastaðnum. Skýrsla skoðunarmanna, sem er dagsett sama dag, er í aðalatriðum sem hér segir:

Einar útidyr eru á kjallara lyfjabúðarinnar. Er fyrst komið inn í svo nefndan fremri kjallara, sem aðgreindur er með steinsteyptum skilvegg frá innri kjallaranum (aðalkjallar-